



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 21. janúar 2025  
MSS25010073

## Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um erindi Þróttar

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2024 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að ekki verði beðið lengur með að borgarráð taki til umfjöllunar mál fyrirhugaða uppbyggingu unglingskóla í Laugardalnum og fyrirætlanir Reykjavíkurborgar um byggingu safnskóla á svæði sem Þróttur hefur ótímabundin og samningsbundin afnot af, svokölluðum Þríhyrningi. Fram hefur komið að Þróttur er ósáttur við þau vinnubrögð sem hafa einkennt ákvarðanatöku í þessu máli og skort á samráði við félagið.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Þriðjudaginn 7. janúar 2024 barst borgarráði erindi frá íþróttafélaginu Þrótti vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu skóla í Laugardal. Samkvæmt gildandi verklagsreglum um borgarráðsfundi fór erindið á dagskrá borgarráðs viku seinna, þann 16. janúar, en erindi þurfa að berast á mánudegi eða fyrir til að komast á dagskrá í sömu viku.

Þann 16. janúar 2024 var erindi Þróttar lagt fyrir borgarráð, sbr. 20. lið fundargerðar borgarráðs sama dag.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins verði vísað frá.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*